

Guðný Zoëga
Hjalti Pálsson
Kári Gunnarsson

Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar III - byggðasögurannsókn



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Staðir sem rannsakaðir voru.....	4
Hólakot í Viðvíkursveit.....	4
Gljúfurárgerði í landi Hofstaðasels í Viðvíkursveit.....	7
Markúsarhóll sunnan Hofstaðaselsbæjar, Viðvíkursveit	8
„Slappandsstaðir“ í landi Svaðastaða, Viðvíkursveit.....	11
„Fossabrekkur“ í landi Svaðastaða	12
„Algerðarstaðir“ í landi Svaðastaða – 02.09.2009	14
Grjótá í landi Svaðastaða, Viðvíkursveit	16
Kýrholt í Viðvíkursveit	18
Tóftir á landamerkjum Kýrholts og Bakka, Viðvíkursveit	21
„Garðhús“ í Hólahaga, Hjaltadal	23
Herpisgerði í Hólahaga	27
Hagakot í Hólahaga.....	30
Réttir í Hólahaga	32
Bjarnastaðir í Kolbeinsdal.....	34
Ytri-Heljará í Kolbeinsdal.....	36
Grjótgerði í Víðinesi	40
Geitnakofahóll í landi Neðra-Áss, Hjaltadal.....	43
Tóft og garðlag í Þúfnahvammi, Neðra Ási.....	45
Niðurstöður.....	47
Heimildaskrá:.....	49

Inngangur

Síðastliðin 8 ár hefur farið fram ritun og útgáfa á byggðasögu Skagafjarðar. Nú eru komin út fjögur bindi af átta í ritröðinni og skipar umfjöllun um forna byggð og byggðaðróun þar stóran sess. Alls hafa 35 staðir verið rannsakaðir fornleifafræðilega í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Vitneskjan sem leidd er í ljós eykur við þekkingu á byggðasögu héraðsins auk þess að vera mikilvægur stuðningur við aðrar rannsóknir sem fram fara innan þess. Um er að ræða fleiri smærri fornleifarannsóknir í formi könnunarskurða en einnig hefur kjarnabor verið notaður þar sem það hefur hentað. Hluti minjanna hefur einnig verið mældur upp með nákvæmum gps mælingatækjum.

Tilgangur rannsókna er að mæla upp og grafa í leifar fornbyla sem enn sjást á yfirborði en ekki síður að rannsaka staði þar sem ummerki á yfirborði eru orðin óljósari. Sumra staðanna er getið í heimildum eða munnmælum en sumir staðanna hafa komið í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritara. Reynt er að ákvarða aldur, og þar sem mögulegt er, gerð minjanna.

Niðurstöður rannsókna hafa komið út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafnsins en einnig hefur verið fjallað ítarlega um þær í viðeigandi heftum Byggðasögunnar. Nú er unnið að fimmta bindinu sem fjalla á um Hegranes, Viðvíkursveit og Hólahrepp.

Í tengslum við ritun þess bindis hafa fornleifarannsóknir verið gerðar á 18 stöðum. Þær fóru fram dagana 18. ágúst til 5. september 2008 og 20. júní til 5. september 2009.

Hnit sem gefin eru upp eru ISN93.

Samstarfið hefur verið að mestu kostað af Byggðasögunni og Byggðasafninu en Menningarráð Norðurlands vestra hefur veitt nokkra styrki til þess og kunnum við þeim þakkir fyrir þann stuðning.

Staður	Staðsetning	>1000*	1000-1104	1104-1300	1300>	Aflagt 1766
Hæðarnes	Goðdalir			X		
Miðmundarlækur	Vesturdalur		X	?		
Hrísastaðir	Vesturdalur	?	X			
Fossar	Vesturdalur	?		X		
Tunga	Vesturdalur	X				
Ófriðarstaðir	Austurdalur		X	X	X	
Fagrabrekka	Austurdalur	?		X	X	
Fagrahlíð	Austurdalur	?	?	X	X	
Grund	Öxnadalshéiði			X		
Vík	Norðurárdalur			X	X	
Einarsdalskot	Haukagilshéiði			X	X	
Ópekkt	Miklibær			X	X	
Gerði	Flugumýrarhvatn				X	
Risamýri	Réttarholt	X	X			
Garðhús**	Hólahagi/Hjaltadalur	X	X			
Hólakot**	Viðvíkursveit	X	X		X	
Ytri-Heljará**	Kolbeinsdalur		X	X	X	
Keflavík (Kriki)	Hegranes			X		
Keflavík	Hegranes		X			
Keflavík (sjóbúð?)	Hegranes				X	
Grjótá**	Viðvíkursveit				X	
Grjótgerði**	Víðines/Hjaltadalur		?	?	X	X
Bjarnastaðir**	Kolbeinsdalur			X		
Geitakofahóll**	Neðri-Ás Hjaltadalur	X	X	?		
Ópekkt**	Neðri-Ás, Hjaltadalur		?	X		
Kýrholt**	Viðvíkursveit			?	X	X
Herpisgerði**	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X
Hagakot**	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X
Fornar réttir**	Hólahagi/Hjaltadalur				X	X
Gljúfurárgerði**	Viðvíkursveit				X	
“Slappandsstaðir”***	Viðvíkursveit				X	X
Markúsarhóll**	Viðvíkursveit	X	X	X	?	X
Fossabrekkur**	Viðvíkursveit	X	X			
Algerðarstaðir**	Viðvíkursveit			?		X
Ópekkt**	Kýrholt/Viðvíkursveit	X		X		

Tafla sem sýnir staðina sem skoðaðir hafa verið í tengslum við ritun byggðasögunnar.

* Aldur er metinn út frá gjóskulögum. Minjar geta legið yfir eða undir gjóskulögum auk þess sem gjósku er oft að finna í byggingartorfi.

** Staðirnir sem rannsakaðir voru 2008-9.

Staðir sem rannsakaðir voru

Hólakot í Viðvíkursveit



Mynd 1. Horft yfir minjar á Hólakoti. Yngri minjar eru eilítið grænni á myndinni. Ljósmynd. Kári Gunnarsson.

Hólakot í Viðvíkursveit

Fyrsti staðurinn sem rannsakaður var var eyðibýlið Hólakot, nú í landi Viðvíkur í Viðvíkursveit, Hjaltadal. Hólakot kemur fyrst fyrir í heimildum ásamt Viðvík og Kvígildishóli í ráðsmannsreikningi Hólastóls frá 1388 þar sem taldar eru upp jarðir í eigu Stólsins.¹ Í annarri skrá yfir eignir Hólastaðar frá 1449 er Viðvík talin upp ásamt Hólakoti.² Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir í aftanmálgrein: „Hólakot, sem er forn-gamalt eyðibýli – er í Viðvíkurlandi, en byggt upp að nýju um 1920. Forn mat á Hólakoti var 20 hdr. og um 1388 var lsk. 3 merkur í vaðmálum. Með konungsúrskurði 8. maí 1805 var Viðvík „ásamt kotinu“ lögð sýslumanni til ábúðar og hefur það fylgt aðaljörðinni síðan.“³ Í örnefnaskrá Sverris Björnssonar segir: „Ofan við sundið [Hólakotssund] er smákot sem Hólakot heitir, vísast um það til lýsingar Margeirs Jónssonar.“⁴ Hólakot mun hafa verið í ábúð 1921-1934.

¹ Íslenskt fornbréfasafn, III: 410.


² Íslenskt fornbréfasafn, V: 36, 43.

³ Örnefnaskrá Viðvíkur. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands, bls. 3.

⁴ Örnefnaskrá Viðvíkur. Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands, bls. 3.

Í Hólakoti sjást leifar túngarðs og byggingaleifa bæði kotbýlisins sem þar stóð seinast en einnig er þar að finna virkjamiklar fornar minjar innan túngarðsins sem engar heimildir eru til um. Alls voru teknir þrír könnunarskurðir á Hólakoti auk þess sem að fjöldi kjarnasýna var tekinn til frekari aldursgreiningar minjanna.

Hólakot - yfirlitsteikning



Skurður 1 – í tóftarvegg (sniðteikning er aftast í skýrslu)

Fyrsti skurðurinn var tekinn í mjög umfangsmikla og jarðsokkna L-laga tóft sem liggur um 20m norður af tóft sem líklega er af skálabyggingu miðað við lögun og niðurstöður kjarnaborunar í gólf tóftarinnar. Skurðurinn leiddi í ljós torfvegg sem líklega hefur verið hruninn að hluta þegar gjóska úr Heklu féll á garðinn árið 1104. Engin merki voru um að veggurinn hafi verið endurbyggður eftir þann tíma. Inni í tóftinni fundust engin merki gólflags eins og vænta má í íveruhúsum heldur einungis þunn skán lífrænna leifa sem lá ofan á óhreyfðri jökulmöl. Engin merki fundust um fallið þak eða torf inni í tóftinni og er því nærtækast að álykta að þarna sé um að ræða rétt eða gripheldi einhverskonar, e.t.v. stórgriparétt sé tekið mið af umfangi og stærð tóftanna.

Skurður 2 – í túngarð (sniðteikning er aftast í skýrslu)

Annar skurðurinn var tekinn í norðanverðan túngarðinn. Í ljós komu a.m.k. tvö byggingaskeið í garðinum. Svo virðist sem að garðurinn hafi verið að hluta hruninn um það leyti sem 1104 gjóskan féll. Mögulegt er að garðurinn hafi verið endurhlaðinn en engin gjóska fannst ofan á garðinum sjálfum og engin merki voru um 1104 gjóskuna í torfi. Neðri hluti garðsins var hlaðinn úr torfi sem í voru slitrur af fínri svartri gjósku. Gjóskan kann að vera úr Vatnajöki og er talið að hún hafi fallið um 1000 e.Kr.

Skurður 3 (ekki teiknaður)


Þriðji skurðurinn var svo tekinn í það sem virtist vera hringlaga tóft vestan skálatóftarinnar en þar komu ekki fram nein merki torfhleðslu. Gjóskan frá 1104 var mjög greinileg á sínum stað neðst í skurðinum en ofan hennar var mjög ormétinn og rótaður jarðvegur og var ekki hægt að greina neina mannvist eða gjóskulög í honum.

Túlkun skurða:

Ljóst er að elstu minjar á Hólakoti eru frá því um, eða jafnvel fyrir árið 1000 e.Kr. Umfang minja innan túngarðs bendir til að þar hafi verið sjálfstætt býli fram á 11. öld en þá eru merki um að túngarður og aðrar byggingar séu fallnar að öllu, eða hluta. Nafn jarðarinnar í ráðsmannsreikningi á 14. öld bendir til að þá hafi verið þarna kotbýli í eigu Hólastóls.

Gljúfurárgerði í landi**Hofstaðasels í Viðvíkursveit**

Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar er minnst á tóftirnar sem skoðaðar voru en þar eru þær kallaðar Gljúfurártóftir. Tóftirnar eru nú í daglegu tali nefndar Gljúfurárgerði. Óljósar tóftir liggja á hólí en leifar af túngarði sjást í kringum hann. Garðurinn er mjög sokkinn í jörð og alveg horfinn austan við tóftina. Sést garðurinn nokkuð greinilega að sunnan, vestan og norðan en í norðvesturhorni sér fyrir stórum hleðslusteinum í garðinum. Gæti túngarðurinn bent til þess að þarna hafi verið mannabústaður, þó engar ritaðar heimildir styðji það.⁵ Borkjarnar voru teknir á sex stöðum í líklegan bæjarhól og túngarð.

**Borkjarnar jarðlagalýsing:**

K1: N579951,967 A483179,197

Kjarni tekinn í túngarð norðanverðan.

Á 12cm dýpi kom fram torfveggur, 3cm undir grasrót. Veggurinn var 25cm þykkur. Í torfinu var gjóska frá 1104 en engin önnur gjóska greinanleg. Á 40cm dýpi var H3 óhreyft og virðist veggurinn hlaðinn nánast beint ofan á hana. Engin gjóska fannst yfir veggnum.

K2: N579964,414 A483169,286

Kjarni 2 var tekinn austanvert í túngarðinn. Um 3cm undir grasrót kom fram torfveggur um 28cm á þykkt. Í veggnum var gjóska frá 1104 og hefur hann verið hlaðinn ofan á náttúruleg lög.

K3: N579937,128 A483170,147

Kjarni 3 var tekinn í vesturenda rústabungu sem líklegust þótti til að vera bæjarrúst. Óhreyfð fokmold var undir grasrót niður á 46cm dýpi en þar kom fram torfveggur. Torfið var rauðleitt mýrartorf með landnámslaginu og þunnum linsum af grænleitri gjósku (Vj 1000?).

K4: N579937,341 A 483168,223

Tekinn vestanvert í tóftabungu vestan kjarna 3. Undir grasrót var óhreyfð fokmold niður á um 38cm dýpi. Torfið var rauðleitt mýrartorf með þykkri svartri gjósku og þynnra gráleitu gjóskulagi, mögulega H1300. Það var um 20cm þykkt. Á 58cm dýpi var svo rótað sandlag.

K5: N579942,431 A483175,775

Kjarninn var tekinn í tóftabungu norðanverða. Undir grasrót var óhreyfð fokmold niður á 42cm dýpi. Þar kom fram torf um 17cm þykkt. Í torfinu var 1104 en ekki hægt að greina aðra gjósku. Beint undir torfinu var svo komið niður á óhreyft.


⁵ Örnefnaskrá Hofstaðasels. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

K6: N579942,815 A 483175,141

Tekinn í rústabunguna norðanverða. Neðst í grasrót var svört gjóska óhreyfð, H1766. Undir grasrót var 16cm þykkt fokmoldarlag. Þá 14cm þykkt lag af fokmold með dreif af móösku. Neðan þess 15cm lag með móösku og ljósum feitum lífrænum linsum. Neðan þess er óhreyfður náttúrujarðvegur.

Túlkun kjarna: Vísbendingar eru um að þarna hafi staðið bær sem farinn hefur verið í eyði nokkru fyrir 1766, jafnvel þegar á 16. öld. Hvenær fyrst hefur verið byggð þar er óvíst en engin merki voru um byggð fyrir 1104. Hinsvegar voru merki um byggingu eða endurbyggingu eftir 1300. Einhvern tímann á seinni öldum hefur síðan verið byggt þarna að nýju, e.t.v. heytóft eða útihús einhverskonar.

Markúsarhóll sunnan Hofstaðaselsbæjar, Viðvíkursveit



Markúsarhóll. Sunnan við bæjarstaðið í Hofstaðaseli er stór vallgróinn hóll milli tveggja lækjarfarvega og heitir hann Markúsarhóll. Munnmæli segja að þar hafi búið karl einn sem Markús hét og hóllinn síðan við hann kenndur. (engar ritaðar heimildir)

Borkjarnar voru teknir á sex stöðum í óljósar byggingaleifar á Markúsarhóli.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K7: N578278,140

A482947,580

Kjarninn var tekinn í vegg í norðurhluta óljósrar tóftar sem liggur vestast á svokölluðum Markúsarhóli. Óhreyfð fokmold var niður á 25cm dýpi en þar tekur við mjög óljóst rótað lag niður á H1300 sem virtist óhreyft á 35cm dýpi. Á 52cm dýpi kom ljós gjóska, líklega 1104 sem virtist óhreyfð. Undir 1104 var rótað lag með móöskudreif, torfflekkjum með landnámslaginu og koladreif. Neðan þess er 25cm þykkur bunki af torfi með þunnum

linsum af grænni gjósku. Á 97cm dýpi var komið niður á óhreyft.

K8: N578279,951 A 482947,062

Kjarni var tekinn í norðurenda óljósrar tóftar vestast á Markúsarhóli. Undir grasrót var óhreyfð fokmold niður á 26cm dýpi. Þar neðan við var rótað lag niður á 45cm dýpi þar sem við tók torflag. Torflagið var rauðleitt mýrartorf með flekkjum af grænni gjósku. Það náði niður á 71cm dýpi en undir því var 15cm rótað lag með móösku og kolum. Það lag var lausara í sér en torfið og því líklega ekki gólflag. Neðan þess óhreyft.

K9: N578303,459 A482960,101

Kjarni var tekinn í vegg tvískiptrar tóftar nyrst á Markúsarhóli. Undir grasrót var óhreyft fokmoldarlag niður á 25cm dýpi. Þar var óljóst ljóst gjóskulag sem erfitt var að ákvarða hvort væri óhreyft. Á 40cm dýpi kom fram torf með grænum og ljósum gjóskulinsum. Torfið náði niður á 76cm dýpi en neðstu 20cm voru mjög lausir í sér og rótaðri en efri hluti þess.

K10: N578301,350 A482955,432

Kjarni var tekinn í gólf tvískiptrar tóftar nyrst á Markúsarhóli. Neðst í grasrót kom fram dökk gráleitt gjóskulag (H1300?) en óljóst var hvort það var óhreyft. Undir því var svo rótað lag með torfi sem í voru linsur af dökkri gjósku allt niður á 50cm dýpi en þar var komið niður á stein.

K11: N578274,764 A 482967,461

Kjarninn var tekinn í vegg tóftar sem liggur fyrir miðju rústasvæðisins. Á 12cm dýpi kom fram gráleitt gjóskulag (H1300?) og beint neðan þess rótað torf niður á 30cm dýpi. Neðan þess var um 12cm þykkt lag af rótuðu torfi með 1104, e.t.v. úr þekju. Neðan þess var svo um 2cm þykkt þétt móöskulag sem í voru kol og lífrænar leifar, líklega gólflag. Lagið lá beint ofan á steini.

K12: N578275,657 A 482965,294

Tekinn á stað sem virðist annað hvort milli tófta eða inni í mjög óglöggri tóft. Óhreyfð fokmold var niður á 45cm dýpi en þar lá grátt gjóskulag (H1300?) mögulega óhreyft. Neðan þess niður að 70cm dýpi var rótuð mannvist með móösku, kolum og gjalli en neðan hennar um 7cm þykkt ösku og kolablandað lag með dálitlu af móösku, líklega gólflag í íveruhúsi. Neðan þess óhreyft.

K13: N578275,792 A 482965,946

Kjarninn var tekinn í tóft sem virðist geta legið yfir eldri tóft fyrir miðju svæðinu. Um 8cm undir grasrót á 25cm dýpi er rótað torf með flekkjum af móösku, lífrænum leifum og ljósri gjósku. Efst í torfinu eru flekkir af grárrí gjósku, e.t.v. H1300. Vera kann að það hafi fallið á þak byggingarinnar. Torflagið nær niður á 46cm dýpi. Neðan þess er um 5cm þykkt gólflag með kolum og ösku.

K14: N578277,757 A 482968,688

Kjarninn var tekinn í gólf tóftar sem liggur fyrir miðju rústasvæðinu. Á 22cm dýpi var stök rönd af svartri þunnri gjósku en neðan hennar rótað torf þannig að hún kann að vera í torfi. Torflagið náði niður á 40cm dýpi. Neðan þess var svo 35cm lag af rótuðu torfi sem í voru lífrænar leifar og móöskuflekkir. Á 75cm dýpi var komið niður á stein.

Túlkun kjarna: Á Markúsarhóli komu fram merki um mjög forna byggð. Greinilegt er að þar hefur verið endurbyggt oftar en einu sinni. Merki eru um mannabústað, útihús einhverskonar og e.t.v. smiðjuleifar. Vísbendingar voru um mannabústað frá því fyrir 1104 en einnig hefur

verið byggð á staðnum milli 1104 og 1300. Eftir 1300 eru mannvistarmerki mun óljósari og kann að vera að bærinn hafi verið aflagður fyrir þann tíma.

„Slappandsstaðir“ í landi Svaðastaða, Viðvíkursveit

Slappandastaðir/Slampandastaðir. Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar greinir frá gömlu eyðibýli með þessu nafni. Þar segir að upp af Fossabrekkum sé Reitur, norðan við Reitinn, Kinn, hár hóll og efsti hluti hans heitir Kinnarhaus, neðst í honum heitir Kinnartagl, vanalega nefnt Taglið. Norðan og neðan við Taglið er gamalt eyðibýli, sem kallað er í örnefnaskránni Slampandastaðir. Bæ þennan segir sagan að Svaðastaðabóndi hafi keypt og lagt undir jörð sína. Þar sé þýfður túnblettur með tóftarbrotum á nokkrum stöðum og hálsokkinn vallargarður í kring.⁶

Í Örnefnaskrá Sverris Björnssonar segir að gamalt eyðibýli sé milli Svaðastaða og Hofstaða, útundir Hofstaðamerkjum og niður undir Hofdalamerkjum. Þetta eyðibýli sé norðan og neðan við Taglið og heiti Slappandastaðir, sem hlýtur að vera sama býli þótt stafsetningin sé eilítið mismunandi í örnefnaskánum.⁷

Um 1.6 km norðan við Svaðastaði á staðsetningunni (65°41'331/19°20'929) er að finna fornar tóftir. Þær eru á lágum hól sunnan undir syðstu skriðunni sem fallið hefur undan Hofstaðaurð. Nokkuð hár melur veitir skjól fyrir norðri en gott útsýni er til Hofstaðakirkju, Hofstaðasels og Svaðastaða. Tóftirnar eru samlitur umhverfinu og mikið sokknar og líta út fyrir að vera gamlar. Túngarður verður ekki fundinn en mjög þýft er í kringum hólinn og vallendisgróður áberandi.

Borkjarnar jarðlagalýsing:


K1: N576842,142 A 483968,873

Kjarni 1 var tekinn í það sem virtist líklegast til að vera stekkjartóft. Tekinn í gólf lambakróarinnar. Neðst í grasrót var 1766. Á 12cm dýpi kom fram rótað lag með torfflygsum um 14cm þykkt. Efst í því voru slitrur af grárrí gjósku en vera kann að það hafi verið hluti af torfi fremur en óhreyft.

K2: N576864,542 A483960,804

Kjarninn var tekinn í norðurvegg stærra hólfs réttar eða stærri stekkjjar norðan við stekkin sem kjarni 1 var tekinn í. Á 17cm dýpi, undir óhreyfðri fokmold, kom fram torfveggur. Veggurinn var 25cm þykkur og í honum voru flekkir af 1104 og dökkri gjósku (H1300?) og H3.

K3: Tekinn í gólf stærri stekkjjarins eða réttarinnar. Engin merki voru um gólflag eða torf í kjarnanum.




Túlkun kjarna: Þarna er líklega um að ræða tvær stekkjartóftir eða stekk og rétt sem reist eru eftir 1300 en aflögð fyrir 1766. Engin merki fundust um mannbústað.

⁶ Örnefnaskrá Svaðastaða, Margreir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

⁷ Örnefnaskrá Svaðastaða, Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

„Fossabrekkur“ í landi Svaðastaða



Fossabrekkur. Ekki er vitað með vissu hvar eyðibýlið Fossabrekkur var í landi Svaðastaða en sterkar líkur benda til að það hafi verið norður við Hofstaðaurð. Í Ferðabók Ólafs Olavíusar segir að Fossabrekkur (Fossabrekkur) hafi farið í eyði á árunum 1712-1715⁸ en í Jarðabókinni frá 1714 er talað um Fossabrekkur sem eyðibýli og séu þær á parti sem biskupstóllinn „sér fyrrum til gagnsmuna nýtti“. Þar séu engar sýnilegar girðingar en tóftaleifar nokkrar. Ekki mundu menn á þeim tíma eftir búskap þar. Sá partur var metin 10 hundruð eða fjórðungur allrar jarðarinnar.⁹

Á manntalsþingi í Viðvík 25. maí 1742 spurði sýslumaður um eyðijarðir Hólastóls, þar á meðal Fossabrekkur (Fossabrekkur) í landi Svaðastaða.¹⁰

Ríflega 1 km norðan við Svaðastaði, nokkuð sunnan og neðan við Hofstaðaurð, niður undir sléttu móasundi er aflangur tóftahóll og snýr hann austur/vestur (65°41'104/19°21'199). Hóllinn er sléttur en vel gróinn eins og landið í kring, sem er mjög þýft. Um 150 metrum norðan við hólinn rennur Fossabrekkulækur sem kemur ofan úr Fossabrekkum sunnan í Hofstaðaurð. Skammt neðan við hólinn er vélgrafinn skurður og liggur hann út að merkjunum við Hofstaði. Óljósar mannvirkjaleifar eru á hólnum og var borkjarni tekinn í hólinn miðjan en einnig var hreinsað upp snið sem sauðfé hefur myndað í hólinn norðanverðan og könnunarskurður grafinn niður fyrir sniðið.

Borkjarni jarðlagalýsing:

K3: N576416,681 A 483770,128

⁸ Ferðabók Ólafs Olavíusar 1964, bls. 317.

⁹ JÁM IX, bls. 199.

¹⁰ Dóm. Skag. 25. maí 1742.

Kjarninn var tekinn í austurvegg tóftar austast í tóftahóli hins mögulega Fossbrekkubæjar. Beint undir grasrót á um 5cm dýpi kom fram gulbrúnt torf með flygsum af H1104 og H1300. Torfið náði niður á 67cm dýpi en undir því voru 20cm af rótuðu torfi, dökkri mold og kolum. Komið niður á óhreyft á 83cm dýpi.

Túlkun kjarna: Í könnunarskurði kom fram ummerki um byggingu frá því fyrir 1104 en í kjarna voru ummerki um byggingu sem reist hefur verið eftir 1300. Ekki var hægt að ákvarða nánar hversu lengi hefur verið búið á staðnum en þar hefur greinilega verið einhverskonar mannabústaður um langan aldur.

Skurður í norðanverðan bæjarhól (sniðteikning aftast í skýrslu):


Skurðurinn lá norður- suður og var 110cm á lengd, 60cm á breidd og um metri á dýpt. Beint undir grasrótinni kom fram þykkt rauðleitt torf [2] sem var um 50cm jafnþykkt í skurðinum en óvíst er hvort að þar hefur verið um eiginlegan vegg eða veggjahrun að ræða. Undir því torfi var svo um 20cm þykkt óhreyft fokmoldarlag [3] niður á um 15-20cm þykkt rótað torflag [5] sem í var H1104. Ofan þess lags sunnan megin í skurði var svo fokmoldarlag [4] með H1104. Neðst í lagi 5 var svo 1104 óhreyft og neðan þess um 20cm þykkt torflag [6] sem í voru linsur með þunnri grænni gjósku, mögulega Vj1000. Í því lagi voru leifar af móösku og kolum sem benda til að um mannabústað hafi verið að ræða.

Túlkun skurðar:

Byggt hefur verið íveruhús á staðnum skömmu eftir aldamótin 1000 en sú bygging eða byggingahluti sem sást í skurðinum hefur verið komin úr notkun áður en að 1104 gjóskan féll. Byggt hefur verið á staðnum strax eftir að 1104 en hinsvegar er töluverður tími sem líður milli annars byggingastigsins og þeirrar byggingar sem greina má efst í sniðinu sem gæti bent til að staðurinn hafi dottið úr ábúð í nokkurn tíma.

„Algerðarstaðir“ í landi Svaðastaða – 02.09.2009**Algerðarstaðir**

Býlið Algerðarstaðir (*Algerðarstodum*), er nefnt í ráðsmanns-reikningum Hólastóls frá árinu 1388. Algerðarstaðir eru þar taldir upp á eftir Svaðastöðum, næst á undan Gljúfurá. Í reikningum Hólastóls voru þá leigur á Algerðarstöðum: þrjár merkur í vaðmálum og veturgamalt naut. Var það þriðja lægsta leiga fyrir jörð í hreppnum á þeim tíma, aðeins Hóla-kot og Grjótá voru með lægri leigu. Hefur land Algerðarstaða hugsanlega verið lagt undir Fossabrekkur en ekki eru til neinar heimildir sem styðja þá kenningu. Ekki eru nema um 300 metrar milli bæjarhólanna.¹¹



Um 885 m norðan við Svaðastaði er tóftahóll og eru mýrasund sunnan við

hólinn og hár melur þar sunnan við. Skammt neðan við hólinn er endi á vélgröfnum skurði sem liggur norður til merkja Hofstaða. Hólinn er í nokkuð hallandi landi og þýfðu en allt er umhverfið sérlega vel gróið. Tæpir 300 metrar eru norður til tóftahólsins á Fossabrekkum.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K4: N576159,184 A483869,376

Kjarninn var tekinn í innra hólf tvískiptrar tóftar. Á 5cm dýpi í grasrót er svart gjóskulag H1766. Um 2cm þykkt fokmoldarlag liggur neðan grasrótar niður á 12cm dýpi en þar var mjög lagskipt torf. Torflagið var 10cm á þykkt og í því þunn grænleit gjóska. Neðan þess var 20cm þykkt rótað torflag með koladreif. Á 40cm dýpi var um 2cm þykkt þétt grátt lag, líklega gólflag. Steinn var á 42cm dýpi.

K5: N576133,684 A 483842,452

Kjarninn var tekinn í gólf aflangrar tóftar sem lá neðan og vestan tófta á bæjarhólnum. Á 20cm dýpi, undir óhreyfðri fokmold, var rótað torf sem í var H3 og dökk gjóska. Torflagið var 27cm þykkt og í því var vottur af kolum. Komið var niður á óhreyft á 47cm dýpi.

¹¹ DI, III, bls. 409.

K6: N576132,850 A 483838,702

Kjarninn var tekinn í gólf aflangrar tóftar sem lá neðan og vestan tófta á bæjarhólnum. Á 20cm dýpi undir óhreyfðri fokmold kom fram torf með H3 og koladreif. Lagið var um 25cm þykkt en neðan þess á 40cm dýpi var röð feitra lífrænna laga með votti af móösku, mögulega gólflag en sem slíkt ekki mjög þétt. Á 50cm dýpi var komið niður á óhreyft.

K7: N576154,429 A 483873,348

Tekinn inni í tvískiptri tóft á bæjarhólnum. Á 8cm dýpi neðst í grasrót var svört þunn gjóska, H1766. Á 20cm dýpi kom fram torfveggur sem var 80cm á þykkt en borinn náði ekki niður fyrir þetta torflag. Í torfinu var H1104, dökk gjóska, landnámslagið og H3.

Túlkun kjarna: Ummerki um mannvist komu fram í tveimur tóftanna sem skoðaðar voru. Ljóst er að þarna hefur verið byggð eftir 1104 sem hefur verið aflögð nokkru fyrir 1766 en ekki er hægt að fullyrða um upphaf byggðar.

Grjótá í landi Svaðastaða, Viðvíkursveit



Mynd 2. Horft til vesturs yfir snið sem hreinsað var upp á norðurbakka Kyrfisár. Hluti minjanna hefur horfið í ána.

Grjótá

Í heimild frá 1388 er getið um býlið **Grjótá** (*Griota*) sem ekki kemur annars staðar fyrir í heimildum, nema í ráðsmannsreikningum Hólastóls um viðartillag til jarða staðarins árið 1389. Þar segir að til Grjótár (*Griotar*) eigi að fara hestburður af rekavið.¹²

Suður á bakka Kyrfisár, upp við brekkurætur, eru minjar sem eru að falla ofan í farveg Kyrfisárinnar. Tóftasvæðið er orðið mjög þýft og ekki hægt að sjá mun á því og ósnortnu landi í kring. Líklegast er að þarna sé fundin bærinn Grjótá sem getið er í reikningum Hólastóls 1388 en leigur jarðarinnar voru þrjár merkur í vaðmálum. Grjótá hefur því verið kotbýli. Engin jörð í Viðvíkursveit var með lægri leigur á þeim tíma.

Minjarnar eru næsta ógreinilegar á yfirborði þar sem stórþýft er og greinilegt að vatn hefur oft runnið um svæðið. Einu glöggu merki minjanna er að finna í rofabakka sem myndast hefur við norðurbakka Kyrfisár. Hluti bakkans var hreinsaður upp og komu þar í ljós leifar hruninna torfveggja.

Sniðið var ekki teiknað upp þar sem að áin hefur rofið minjarnar á þann hátt að erfitt var að sjá samhengi þeirra á milli. Töluvert veggjatorf var í sniðinu en það hefur líklega verið úr hrundum torfvegg. Í torfinu var að finna linsur af bæði H1104 og H1300. Gjóskulagið H1766 var rétt undir grasrót og virðist býlið hafa farið í eyði nokkru fyrir þann tíma. Vísbendingar voru um gólfslag sem í var að finna móösku og kol. Einnig var að finna koladreif í

¹² DI III, bls. 409 og 429.

einhverskonar niðurgrefti, e.t.v. hluti eldstæðis. Í sniði sem var hreinsað upp sunnan minjanna við árbakkann mátti greina H1104, H1300 og H1766 á sínum stað. Töluverð mannvist var á milli 1104 og 1300 og einhver mannvist var skammt ofan við 1300 lagið. Undir 1104 fannst óverulegur vottur af kolum sem kann að benda til að búið hafi verið á staðnum fyrir þann tíma.



Mynd 3. Snið í árbakkann sem sýnir niðurgroft með kolalagi í botninum og efst undir grasrót sést torf með hvítri gjósku, H1104.

Kýrholt í Viðvíkursveit

Ónefnt fornbylí / Þrælsgerði í landi Kýrhólts

Í jarðabókinni 1714 segir „Stekkjarstæði er hér með girðingum, meinast þrælsgerði.“¹³

Skömmu norðvestan við túnið í Kýrholti er að finna miklar minjar frá fornri tíð. Tveir túngarðar eru auðsjáanlegir og er sá minni innan þess stærri. Stærri garðurinn er um 145m á lengd og svæðið innan hans 112m á breidd eða rúmlega 1,5 hektari. Minni túngarðurinn er um 73m á lengd og svæðið innan hans um 61m á breidd.

Vestan í holti um 480 metrum norðvestan við bæinn í Kýrholti eru tóftarleifar á nokkrum stöðum. Holtið er frekar slétt og grunnt á grjótt en nokkuð stórbýft mólendi er í kring. Vegslóði liggur norður yfir holtið og fer skammt austan við minni túngarðinn en í gegnum þann stærri. Frá þessum stað er gott útsýni til yfir fjörðinn til vesturs og norðurs. Tvær tóftaupphækkningar eru innan innri túngarðsins og á þeim mjög óglögg veggjalög. Eldri veggjalög eru mjög óglögg en á syðri upphækkuninni eru leifaryngri stekkjartóftar.

Tveir skurðir voru teknir í túngarð á ónefndu fornbylí í landi Kýrhólts, annar í innri túngarð en hinn í ytri túngarðinn. Báðir skurðirnir sýndu nákvæmlega sömu jarðlög þannig að einungis annar skurðurinn var teiknaður upp. Borkjarnar voru einnig teknir á nokkrum stöðum innan garðs.

Skurður 1- í ytri túngarðsvegg norðanverðan (sniðteikning aftast í skýrslu)

Í skurðinum kom fram torfveggur beint undir grasrót [1]. Veggurinn [2] var alls 50cm á hæð syðst í skurðinum en um 30cm nyrst. Hann hefur fallið til norðurs. Í veggnum var að finna tvö gjóskulög H1104 og H1300. Engin merki voru um endurbyggingu í garðinum og enga gjósku var að sjá yfir honum. Garðurinn er hlaðinn beint ofan á náttúruleg lög [3].

Skurður 2 – tekinn í innri túngarðsvegg norðanverðan

Skurðurinn var um metri á lengd og um 50cm á breidd. Veggurinn sem kom fram í skurðinum var rétt um 20cm þykkur og hafði hrunið til norðurs og var um 20cm þykkt torflag í skurðinum endilöngum. Snið var ekki teiknað upp. Í torfinu voru þykkar linsur af H1104 og H3 auk þunnra linsa af grænleitri gjósku sem vera kann svokallað landnámslag en einnig kann að vera um yngra lag að ræða frá því um 1000. Leifar af H3 og dökkum jarðvegslögum H1300 sást ekki í torfi og ekki heldur yfir veggnum.


Túlkun skurða: Vísbendingar eru um tvö forn byggingaskeið áður en stekkurinn er settur niður innan garðs. Ytri túngarðsveggurinn er frá því eftir 1300 en innri veggurinn kann að vera eldri. Veggirnir eru þó báðir frá því eftir 1104.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K1: N585190,084 A 483918,164

Kjarni tekinn í tóft austan við hlið í túngarðinn sunnanverðan. Beint undir grasrót kom fram torfveggur, 25cm þykkur. Torfið var blandað H1104 og gráleitu gjóskulagi, líklega H1300. Á 40cm dýpi var annarskonar torf með H1104 og lítilsháttar koladreif. Komið var niður á óhreyft á 52cm.

¹³ JÁM IX, bls. 205.



K2: N585191,093 A483920,032

Kjarni 2 var tekinn í gólf tóftarinnar. Á 5cm dýpi var svart þunnt gjóskulag (H1766) og á 10cm dýpi kom fram ljós gjóska sem mögulega var 1104 óhreyfð. Engar mannvistarleifar fundust í kjarnanum.

K3: N585295,956 A483931,901

Kjarninn var tekinn í túngarðinn austanverðan. Í grasrót á 5cm dýpi er svört gjóska (H1766). Á 13cm dýpi kom torfveggurinn fram og lá hann niður á 45cm dýpt. Í torfinu voru bæði leifar af H1104 og H1300. Komið niður á náttúruleg jarðlög á 45cm dýpi.

K4: N585322,427 A 483896,153

Tekinn í túngarð í norðaustur horni túns. Á 13cm dýpt kom fram veggjatorf. Það lá niður á 50cm dýpt en þar var komið niður á náttúrulegt. Í torfinu var bæði að finna H1104 og H1300.

K5: N585249,515 A483827,272

Tekinn í túngarðinn vestanverðan. Torfveggur á 14cm dýpi. Hann náði niður á 40cm en þar var óhreyft. Í torfi voru H1104 og H1300.

K6: N585302,036 A483864,707

Tekinn í gólf greinilegustu og yngstu tóftarinnar sem liggur á nokkurri upphækkun nyrst á svæðinu innan túngarðs. Á 5cm var óljóst rótað torf með flygsum af 1104. Náði niður á 20cm en þar var grjót.

K7: N585272,123 A483858,140

Tekinn í gólf syðri tóftarinnar sem er sæmilega greinanleg. Neðst í grasrót á 11cm dýpi var svört þunn gjóska, H1766. Rótað niður á 35cm. Óhreyfð fokmold niður á 55cm en þar kom fram þétt lag með rótuðu mýrar torfi með linsum af H1104 og lítilsháttar koladreif.

K8: N585269,797

A483846,524

Tekinn í gólf vestan til í syðri tóftinni. Beint undir grasrót var rótað torf með lítilsháttar H1104 og dreif af dökkri gjósku. Lagið náði niður á 45cm dýpi en ekkert gólf var greinanlegt.

K9: N585254,461 A483843,692

Tekin í þúfnakraga sem líktist mögulega tóft sunnan greinilegra tófta. Á 15cm dýpi kom fram lag af rótuðu torfi með 1104 og linsum af mjög dökkri gjósku. Þetta rótaða torflag náði niður á 43cm dýpi en komið var niður á stein á 45cm dýpi.

Túlkun kjarna: Engin merki fundust um byggð frá því fyrir 1300 en eldri tóftir og túngarður hafa verið aflögð nokkru áður en 1766 féll. Lítilsháttar ummerki voru um mannvist í formi koladreifar en annars fundust lítil merki um slíkt. Fjárhús hafa verið byggð á staðnum á seinni öldum en ekki var hægt að ákvarða nánar aldur þeirra.

Tóftir á landamerkjum Kýrhólts og Bakka, Viðvíkursveit



Mynd 4. Fornar tóftir á landamerkjum Kýrhólts og Bakka. Horft til norðvesturs yfir að Bakka. Landamerkjagirðing liggur yfir tóftirnar.

Efra-Gjáholt.

Vestast í landi Kýrhólts er Efra-Gjáholt og eru merki Bakka og Kýrhólts eftir holtinu endilöngu. Í áreið og vottleiðslu frá 1351, sem varðar landamerki Bakka og Lækjar, heitir þetta holt Efra-Kýrholt. Þar kemur fram að landamerki milli Bakka og Kýrhólts liggi um götu sem liggi eftir Efra-Kýrholti, allt suður í Bugalæk. Í sömu heimild segir að landamerki milli Bakka og Grafar séu réttsýni upp úr Votabergi í utanverðan Efri-Kýrhólts enda.¹⁴

Steinþór Tryggvason bóndi í Kýrholti fann húsatóftir nyrst á Efra-Gjáholti (Efri Kýrholti) og eru þær sitt hvoru megin við merkjagirðinguna milli Bakka og Kýrhólts (65°45'823/19°21'955). Því lenda tóftirnar við hornmerki Bakka, Grafar og Kýrhólts, samkvæmt áður nefndu landamerkjaskjali. Landamerkjavarða sem minnst er á í landamerkjabréfi frá 1889 er fáum metrum norðan við tóftirnar. Til vesturs frá staðnum má sjá Bakkabæinn bera í norðurodda Hegranessins.

Engar heimildir eru til um þessar tóftir, nema hvað þeirra er getið í örnefnaskrá.¹⁵

Landamerkjagirðing milli jarðanna Bakka og Kýrhólts liggur yfir fornlegar tóftir sem eru á blásnu melholti um miðja vegin milli bæjanna. Tóftirnar eru mjög jarðsokknar og ógreinilegar en þó virðist geta verið um að ræða þrjár smærri tóftir og eina stærri tóft, mögulega rétt.

¹⁴ DI III, bls. 54 og 55.

¹⁵ Örnefnaskrá Kýrhólts, Margeir Jónsson skráði.

Tóftirnar eru á norðurenda Efra-Gjáholts, sem dregur nafna sitt af Gjánni, sem er mýrasund, trúlega gamall farvegur Bugalækjarins sem nú rennur sunnar og vestar. Holtið er nokkuð uppblásið og mun rýrara land er gróðursælar mýrarnar í kring. Sér vel til næstu bæja, Bakka í vestri, Brimness í norðri og Kýrholts í austri. Líklegt má teljast að þarna hafi við landnám verið þéttur skógur eins og er mjög vaxandi í mýrunum norðaustur af holtinu.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K1: N585462,673 A483205,811

Kjarni 1 var tekinn í gólf greinanlegustu tóftarinnar. Á 11cm dýpi var dökkgrá gjóska sem virtist óhreyft(H1300?) Á 17.5cm dýpi var svo ljós gjóska, H1104 (1cm þykkt), og virtist einnig óhreyfð. Á 18-23cm dýpi var rótað mannvistarlag með torfflygsum en á 23cm var þunnt móöskulag sem í var smá koladreif. Neðan þess var rótað mannvistarlag niður á 32cm dýpi.

K2: N585467,979 A483200,534

Tekinn í þar sem virðast dyr greinanlegustu tóftarinnar. Á 11cm dýpi kom fram rótað mannvistarlag með torfflekkjum sem náði niður á 30cm dýpi. Í rótinu var dreif af svartri gjósku og H3. Á um 20cm dýpi var örþunnt móöskulag með smá koladreif.

K3: N585456,688 A483200,534

Tekinn í meintan vegg á gleggstu tóftinni. Á 15cm dýpi kom fram torf sem náði niður á 33cm dýpi en þar var komið niður á óhreyft. Í torfinu var H3 og dökk gjóska.

K4: N585481,518 A483199,78

Tekinn í vegg nyrstu og stærstu tóftarinnar. Á 9cm dýpi var ljós gjóska sem virðist óhreyfð. Á 13cm dýpi kom fram torf sem náði niður á 30cm dýpi. Torfið var með H3 og landnámslagi.

K5: N585458,15 A483193,75


Tekinn í gólf óglöggrar tóftar eða óglöggt framhald tóftar sem kjarni [1] var tekinn í. Á 8cm dýpi í grasrót var dökkgrátt gjóskulag sem líktist H1300. Á 16cm dýpi var H1104 óhreyfð, 0,7cm þykk. Óhreyfð fokmold var niður á mjög rótað mannvistarlag sem í voru kolaleifar. Á 30cm dýpi var svo svart kolalag um 1cm þykkt. Óhreyft undir því.

K6: N585452,119 A483199,024

Kjarninn var tekinn í gólf syðstu tóftarinnar á svæðinu. Á 11cm dýpi undir grasrót er 0,5cm þykkt grátt gjóskulag, líklega H1300. Á 15cm dýpi var svo H1104 óhreyfð og óhreyft fokmoldarlag niður á 22cm en þar kom fram rótað mannvistarlag niður á 38cm en þar var örþunnt dökkt gjóskulag, mögulega óhreyft. Á 42cm dýpi voru svo óglögg merki um móösku en óhreyft neðan þess.

Túlkun kjarna:

Tóftirnar virðast vera frá því fyrir 1104 og hafa, að hluta a.m.k., verið einhverskonar mannabústaður. Ekki er hægt að fullyrða um hvernig minjar er að ræða þær virðast heldur



óverulegar til að geta talist býli en ekkert vatn finnst nú á melunum sem þær standa á og því erfitt að meta hvort þarna gæti hafa staðið sel. Minjarnar líkjast þó einna helst seltóftum.

„Garðhús“ í Hólahaga, Hjaltadal



Mynd 5. Horft út Hjaltadalinn yfir minjar fornþýlis sem hér er kallað Garðhús en er annars nafnlaust.

Tekinn var könnunarskurður í fornlega tóft í Hólahaga landi Hólastaðar í Hjaltadal. Engar heimildir eru til um býli með þessu nafni en utan við minjarnar í nágrenni minjanna er svokallað Garðhúsagil og Garðhúsaskriða. Á staðnum eru greinilegar leifar eldri minja en einnig má þar finna leifar réttar eða kvía einhverskonar, e.t.v. seinni tíma beitarhúsa.

Tóftirnar liggja fremst á bakka ofan og austan Hjaltadalsár um 2,7 kílómetra inn af Hagakoti og eru mjög jarðsokknar. Um er að ræða aflanga tóft um 20m langa og líkt og tvær tóftir eða áföst afhýsi vestan hennar. Ofan þessara tófta er að finna tvær yngri tóftir, mögulega leifar beitarhúsa eða rétta.

Skurður 1 – tekinn í norðvestur skammvegg mögulegrar skálatóftar (sniðteikning aftast í skýrslu):


Skurður var tekinn í norðvestur skammhlið löngu tóftarinnar. Í ljós kom torfveggur sem í er að finna slitur af grænleitri gjósku, svokölluðu landnámslagi, sem féll 872. Einnig var

töluvert af forsögulegri Heklugjósku í veggnum. Syðst í skurðinum var komið niður á leifar af svörtu gólflagi undir hrúni úr veggnum eða þaktorfs.

Gólflagið var svart fitugt gólflag um 5-7cm að þykkt, með kolum, brenndum beinum og gráleitri ösku. Ofan á gólflaginu voru svo um 10cm af óhreyfðum fokjarðvegi en ofan hans gjóskulög úr Heklu frá 1104 og 1300. Lögin lágu upp að veggnum sunnanvert og hefur veggurinn verið hrúinn áður en 1104 gjóskan féll. Ekki fundust nein gjóskulög yfir veggnum eða hrúni úr honum að norðan að öðru leyti að mjög þunnt svart gjóskulag lá rétt undir grasrót nyrst í skurðinum. Vera kann að þar sé um að ræða gjósku úr Heklu sem féll 1766.

Túlkun skurðar:

Um er að ræða íveruhús, skála, sem líklega hefur verið tekinn í notkun skömmu eftir að landnámslagið féll en verið aflagður nokkru áður en 1104 gjóskan féll. Ekki var að sjá að túngarður hefði legið umhverfis bygginguna en margar skriður hafa fallið í brekkunni umhverfis og kunna því ummerki túngarðs og fleiri bygginga að vera horfnar.



Borkjarnar – jarðlagalýsing

K1: N574599,852 A 496181,567

Kjarni var tekinn í gólf meintrar skálatóftar. Grasrót var 10cm þykk og 5cm óhreyfð fokmold neðan hennar. Þar kom fram svart þunnt gjóskulag, H1766. Um 5cm þykk óhreyft fokmoldarlag lá undir gjóskunni en þar kom fram grátt gjóskulag 0,5cm þykk, líklega

H1300. Um 3cm þykkt óhreyft fokmoldarlag lá neðan H1300 en þar kom fram ljóst gjóskulag, H1104, óhreyft. Undir H1104 var svo 4cm þykkt fokmoldarlag sem virtist óhreyft. Þar kom svo fram 18cm þykkt lag af rótudu torfi með koladreif. Neðan þess var um 3cm þykkt gólflag með kolum, fremur laust í sér. Neðan þess var óhreyfð mól.



Mynd 6. Loftmynd sem sýnir minjar á Garðhúsum. Óglöggar tóftarleifar, mögulega af skála, liggja á bakkabrún en yngri minjar ofar í brekkunni. Ljós.: Hjalti Pálsson.

K2: N574598,604 A496188,945

Kjarninn var tekinn í gólf úthólfs eða afbyggingar sem liggur á sunnanverðri austur langhlið tóftarinnar. Grasrót var um 7cm þykk. Neðst í grasrót var svört þunn gjóska, H1766. Neðan hennar var 11cm þykkt óhreyft fokmoldarlag. Neðan þessa var svo H1104 á sínum stað. Um 6cm þykkt óhreyft fokmoldarlag lá neðan H1104 en þar kom fram um 20cm þykkt rauðleitt torflag sem í voru kolaflekkir.

K3: N574599,308 A 496193,144

Kjarni tekinn í ógreinilega, mögulega tvískipta, tóft sem liggur fast austan skálatóftarinnar sunnanverðrar. Grasrót var 5cm þykk. Um 6cm neðan þess var rauðleitt torflag, um 20cm þykkt. Í því var vottur af kolum en neðan þess var komið niður á óhreyft.

K4: N574605,886 A496186,214

Kjarni tekinn í ógreinilega tóft eða dæld við austur langvegg skálatóftarinnar. Grasrót var 9cm þykk og neðan hennar 5cm þykkt óhreyft fokmoldarlag. Neðan þess var svo gráleit gjóska, e.t.v. H1300. Neðan gjóskunnar var 15cm þykkt óhreyft fokmoldarlag en neðan þess um 25cm þykkt torflag sem í voru linsur af H3. Neðan þess var óhreyft.

K5: N574617,871 A496201,569

Kjarni tekinn í gólf annarrar tveggja tófta á svæðinu sem virðast yngri. Á 6cm dýpi var svart þunnt gjóskulag H1766. Neðan þess var rótaður torfjarðvegur, um 15cm þykkur og óhreyft neðan þess.


K6: N 574612,329 A496216,348

Kjarni 6 var tekinn í gólf yngri tóftar, líklega réttar, austast á minjasvæðinu. Komið var niður á stein á 10cm dýpi.

Túlkun kjarna:

Vestast á svæðinu var um 20m löng tóft sem virðist af skála sem aflagður er fyrir 1104, mögulega nokkru fyrr. Umhverfis hann eru óglöggar tóftaleifar sem virðast frá sama tíma. Tvær tóftir, e.t.v. réttir eða beitarhús liggja í brekkunni ofan skálatóftarinnar. Þær virðast á yfirborði nokkru yngri en skálatóftin en þó eru vísbendingar um að a.m.k. önnur þeirra hafi verið aflögð 1766.

Herpisgerði í Hólahaga



Mynd 7. Loftmynd sem tekin var af Herpisgerði haustið 2009. Garðlög eru vel greinanleg og yngri beitarhúsatóft er greinanleg rétt vinstra megin við miðja mynd en hún liggur þvert á og yfir túngarðinn. Ljós. Hjalti Pálsson.

Svokallað Herpisgerði er alllangt sunnan Hofsár, að kalla beint á móti Hrafnhóli austan Hjaltadalsár, nokkur hundruð metra austur frá ánni en frá gerðinu er svosem hundruð metra mólendi upp að melunum. Hér kann að hafa verið býli til forna. Umhverfis hefur verið öflugur túngarður, að mestu hringlaga, sem er þó sokkinn að suðvestan ofan í mýrina, en það er enn greinileg rækt í landinu innan túngarðsins. Giska má á, að landið innan garðsins sé a.m.k. 1,5 hektarar.

Aðaltóftin er löng og mikil tóft og komin hæð í landið þar sem hún stendur, sýnist hafa verið rétt eða kannski beitarhús frá Hólum, þótt garði sé enginn sjáanlegur. Hún liggur í austur og vestur, dyrnar snúa í vestur beint á móti Hrafnhóli. Heildarlengd um 21m að innanmáli. Út frá tóftinni til beggja hliða liggur tóftarlag rúmlega 20m langt. Líklega eldri hús.

Skýr vallargarður liggur fast austan við beitarhúsatóftina. Austan undir garðinum, skammt suður af austurenda fyrrgreindrar tóftar, er önnur löng rúst, mun aldurslegri og snýr norður og suður, líka um 22-23 metrar að lengd að utanmáli, skiptist í þrjú eða fjögur hólf, 5-6 metra breið að utanmáli. Rústin er nokkuð svo óglögg og erfitt að átta sig á hvaða hús þetta hafa verið. Nokkrum metrum austan við aðaltóftina og vallargarðinn er stór ferhyrnd tóft, um 8x9 m að stærð, fremur óljós í þýfinu og getur ekki hafa verið hús, fremur rétt. Hún er til muna óskýrust þessara þriggja tófta. Allar eru þessar tóftaleifar stórar, einkennilegar og vandskýrðar. Garðabogarnir suður frá tóftunum eru eiginlega þrefaldir og við suðvesturenda eins þeirra virðast smátóftir í jörðu.

Skurður 1 – í „túngarð“ austanverðan (sniðteikning er aftast í skýrslu) :

Skurður 1 var tekinn í túngarðinn austanverðan. Hann var 180cm langur og 60cm breiður og um 80cm á dýpt. Neðst í grasrót var um 0,5cm þykk svört gjóska, H1766. Óhreyft fokmoldarlag [2] um 10-15cm þykkt lá beint undir grasrótinni niður að torfvegg. Torfveggurinn [4] var greinanlegur eftir endilöngum skurðinum, þykkastur í miðjunni um 50cm hár. Í skurðinum voru tvö greinanleg gjóskulög H1104 og H1300. Mikið var að leir í torfinu og ofan veggjar austanvert í skurði var 10cm þykk linsa [3] með leir og sandi. Undir torfveggnum var nokkurn veginn jafnþykkt rótað torflag [5] um 15cm að þykkt. Í því var rauðleitt mýrartorf með linsum af H1104. Þetta rótaða torflag lá svo beint ofan á H1300 óhreyfðu. Undir H1300 var svo 10cm þykkt óhreyft fokmoldarlag niður á H1104 sem einnig var óhreyft. Engin merki voru um mannvist undir H1300.

Skurður 2 - í tóft áfasta túngarðsvegg (sniðteikning aftast í skýrslu):

Annar skurður var svo tekinn í innanverðan tóftavegg á fjórskiptri tóft sem áföst var túngarðinum astantil. Neðst í grasrót kom fram 0,5cm þykk svört gjóska, H1766. Undir henni var svo um 5cm þykk fokmold [2] niður á tóftavegginn. Veggurinn [3] var úr torfi sem í var gjóskulagið Hekla 1300. Hrun úr torfveggnum [4] var að finna inni í tóftinni en engin merki fundust um gólflag.

Túlkun skurða:

Túngarðveggur hefur verið hlaðinni mögulega á 14. eða 15. öld. Ekki var hægt að greina að garðurinn hafi verið endurbýggður og því kann hann að hafa verið í notkun í fremur skamman tíma. Hann hefur verið fallinn löngu áður en 1766 gjóskan féll. Byggingin sem grafið var í virðist fremur útihús en mannaþústaður og virðist hafa verið byggð á sama tíma og túngarðurinn. Byggingin er reist eftir 1300 en er fallin og aflögð löngu áður en 1766 féll.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K1: N578196 A495518

Var tekinn í gólf beitarhúsatóftarinnar. Á 15cm dýpi kom fram torf með 1104 í og náði það niður á 40cm dýpi en þar var komið niður á stein.

K2: N578194 A495519

Tekinn í vegg beitarhúsa. Um 10cm undir grasrót kom fram torf með flekkjum af H1104, H1300 og svartri gjósku sem líklega er H1766. Torflagið náði niður á 60cm dýpi en þar var rótaðra torflag með 1300, 1104 og 1766. Á 60-100cm dýpi var torf með 1766 gjóskunni sem náði allt niður á 110cm dýpi. Borinn náði ekki niður fyrir torfvegginn.

K3: N578191 A495517

Tekinn í gólf meintrar réttar (eða eldri húsa) sem er áföst sunnan beitarhúsanna. Torf kom fram á 18cm dýpi og náði niður á 25cm en þar steytti á steini. H1300 var í torfi.

K4: N578188 A495516

Tekinn í vegg tóftar (réttar) sem liggur sunnan beitarhúsanna. Beint undir grasrót kom fram torf með 1104 og svartri gjósku, e.t.v. 1766. Torfið var alls um 30cm þykkt en neðst í því virtist það lausara og þar var dreif af ljósri gjósku, líklega 1104. Komið niður á stein á 40cm dýpi.

K5: N578190 A495515

Tekinn í gólf tóftar (réttar) sem liggur sunnan beitarhúsanna. Torf kom fram undir grasrót allt niður á 30cm dýpi þar sem komið var niður á stein. Í torfinu voru linsur af svartri gjósku, líklega 1766.

K6: N578193 A495522

Tekinn í gólf tóftar sem áföst er túngarðinum austanverðan. Um 2-3cm undir grasrót kom fram svört gjóska, 0,5cm að þykkt líklega H1766 óhreyfðu. Komið niður á stein á 35cm dýpi. Gólflag ekki greinanlegt í tóft.

K7: N578177 A495402

Tekinn í túngarð sunnanverðan. Á 10cm dýpi neðst í grasrót var H1766 óhreyft. Á 30cm dýpi kom fram torfveggur sem í voru linsur af 1104 og 1300. Veggurinn náði niður á 70cm dýpi en þar var óhreyft.

Túlkun kjarna: Á Herpisgerði eru leifar beitarhúsa sem líklega eru reist á 18-19. öld. Ekki fundust óyggjandi merki um eldri byggð undir beitarhúsunum en á loftmynd virðast merki um eldri byggingu undir vesturenda beitarhússins. Túngarður og tóftir áfastar honum eru þó frá farin úr notkun nokkru áður en að 1766 féll. Engin merki fundust um að þarna hafi nokkru sinni verið mannabústaður. Mögulega er um að ræða einhverskonar nytjaeiningu frá Hólastað.

Hagakot í Hólahaga



Mynd 8. Fjárhús og fjárhústóftir á Hagakoti. Borkjarnar voru teknir í óljósa tóft sem líkleg þótti til að geta verið bæjartóft. Tóftin sést óglögg á hólmi vinstra megin fyrir miðri mynd. Ljós.: Hjalti Pálsson.

Hagakot er eyðibýli og var fremsti bær í Hjaltadal austan ár á síðari öldum. Jörðin var ekki lögbýli á 19. öld, heldur eins konar húsmannsbýli frá Hólum og hafði engin tilgreind landamerki. Þar var búseta á árunum 1862-1888. Bærinn stóð undir norðurenda Hagafjalls, beint niður undan Tröllkonusæti sem er klettabrýndur seti miðhlíðis norðan á fjallsröðlinum.

Á Hagakoti eru þrennar fjárhúsarústir og þar standa enn fjárhús sem byggð voru um miðja 20. öldina.

Yst og neðst á gamla túninu er tóft sem virtist ekki vera af peningshúsum. Tóftin var fjórskipt og voru borkjarnar teknir í vegg hennar og gólf.

Borkjarnar, jarðlagalýsing:

K1: N577257 A495544

Tekið í gólf meintrar bæjartóftar. Á 20cm dýpi var rótað torf, líklega úr þekju. Torflagið var 30cm þykkt en á 50cm dýpi kom fram 7cm þykkt lag af kolum, brenndum beinum og viðaleifum. Líklega úr eldstæði. Steinn neðst í kjarna á 57cm dýpi.

K2: N577256 A495540


Kjarni tekinn í útvegg meintrar bæjarhúsatóftar. Á 10cm dýpi, neðst í grasrót, kom fram dreif af svörtu gjóskulagi, 1766. Á 40cm dýpi kom fram torf sem náði niður á 65cm dýpi en þar var komið niður á stein.

K3: N577255 A495542

Tekinn í millivegg í meintri bæjarhúsatóft. Um 3cm neðan við grasrót er H1766 óhreyft. Um 3cm af óhreyfðri fokmold er frá 1766 niður í torfvegg sem lá niður á 80cm en þar kom fram grjótt í kjarnanum. Í torfinu var hægt að greina þunnar linsur af H1104 og mögulega H1300.

Túlkun kjarna: Ummerki um eldstæði benda til að þarna sé um að ræða mannabústað. Hefur líklega verið búið þarna á 17. öld, mögulega fram undir þá 18.

Réttir í Hólahaga



Mynd 9. Fornar réttir á Hagakoti í Hólahaga. Ljósma.: Hjalti Pálsson.

Fram frá Hagakoti er mikið graslendi, uppgrónar skriðugrundir. Þar eru minjar um rétt, u.þ.b. 20 m á breidd og 27 á lengd. Einn stór almenningur en þó einn dilkur að sunnan, um 4 m breiður að innanmáli og nær ekki eins langt upp og aðalréttin, eða um 16 m.

Suður og niður frá þessari rétt, innan við 100 m, eru mjög fornar minjar um stóra rétt, erfitt að átta sig á umfangi hennar en hún er talsvert óregluleg í forminu. Þyrfti að reyna að teikna upp. Sunnan við þennan punkt virðist önnur rétt, stór ferningur og fáir metrar milli bygginga. Þessi mannvirki eru niðri á grónu barð, skammt frá ánni. Virðist eingöngu byggt úr torfi og hnausum. Grjót sést ekki.

Borkjarnar voru teknir í báðar réttirnar.

Borkjarnar, jarðlagalýsing:

Syðri réttin af tveimur í Hólahaga, skammt austur af bakka Hjaltadalsár.

K1: N576882 A495640

Tekinn í útvegg í norðausturhorni réttarinnar. Neðst í grasrót H1766 en á 40cm dýpi mjög niðurbrotið torf. Torfið náði niður á 80cm dýpi. Í torfinu voru linsur af H1104.

K2: N576879 A495643

Tekinn í vegg austast í réttinni. Á 30cm dýpi kom fram mjög niðurbrotið torf með flekkjum af H1104 og dökku gjóskulagi. Torfveggurinn náði niður á 80cm dýpi en þar var komið niður á óhreyft. H1104 lá svo óhreyfð á 85cm dýpi.

K3: N576880 A495639

Tekinn í gólf réttarinnar. Á 7cm dýpi, neðst í grasrót var H1766 óhreyft. Um 15cm óhreyfð fokmold er neðan gjóskunnar niður að torfi. Torflagið náði niður á 35cm dýpi en neðan þess var óhreyft. Í torfinu var að finna gjósku H1104 og H1300.

Túlkun: Réttin er reist eftir 1300 en er komin úr notkun löngu fyrir miðja 18. öld. Hún kann að hafa verið í notkun á tímabilinu 14. – 16 öld.

Nyrðri og efri réttin í Hólahaga

K1: N576963 A495693

Kjarni 1 var tekinn í austur vegg tóftarinnar. Neðst í grasrót á um 7cm dýpi var H1766 óhreyft. Um 10cm þykkt fokmoldarlag lá undir henni en neðan þess á um 40cm dýpi kom fram torf með H1104 og H1300. Torfið náði niður á 60cm dýpi en þar var komið niður á stein.

K2: N576963 A495691

Kjarni var tekinn í vestur vegg réttarinnar. H1766 lá á 10cm dýpt neðst í grasrót. Óhreyfð fokmold lá niður á 30cm dýpi en þar kom fram torflag sem náði niður á 40cm dýpi þar sem komið var niður á stein.

K3: N576965 A495692

Kjarni var tekinn í gólf réttarinnar um 3m frá austurvegg. Neðst í grasrót á 10cm dýpi lá 1766 óhreyft. Á um 20cm dýpi kom fram um 5cm lífrænt dökkt lag en önnur merki um gólf voru ekki. Komið var niður á stein á 30cm dýpi.

Túlkun: Réttin hefur verið tekin í notkun eftir 1300 en farin úr notkun nokkru fyrir 1766. Gæti hafa verið í notkun á 16. -17. öld.

Bjarnastaðir í Kolbeinsdal

Mynd 10. Horft til suðurs yfir bæjarstæðið á Bjarnastöðum. Tóftir eru allar mjög ógreinilegar en bæjarstæðið er grænna svæði fyrir miðri mynd. Skriður hafa fallið yfir það að hluta. Hringlaga garðlagið sem könnunarskurðurinn var tekinn í lá sunnan og neðan bæjarstæðisins. Ljósmynd. Hjalti Pálsson.

Á Bjarnastöðum í Kolbeinsdal var tekinn skurður í mjög óglögg garðlag um 15m sunnan bæjarstæðisins. Byrjað var að taka tvo skurði í það sem virtust óglögg garðlög rétt sunnan bæjar en þar var þegar komið niður á viðamikinn ruslahaug en ekki var grafið frekar í hann. Óljóst hringlaga myndun lá fremst á brekkubrún sunnan bæjarstæðisins. Erfitt var að greina eiginlega vegg sem virtust mjög jarðsokknir og hlaupnir í þúfur. Tekinn var borkjarni syðst í garðinn fremst á brekkubrúninni og var ljóst að þar var þykkur torfveggur undir yfirborði.

Skurður í garðlag (sniðteikning aftast í skýrslu):

Skurðurinn var 2,6m langur og 0,7m breiður og lá norður-suður. Í norðurenda skurðar, beint undir grasrót var um 8cm þykkt lag [2] sem virtist vera einhverskonar fok eða ruslslag sem í var dálítið af kolum. Undir því var svo óhreyft fokmoldarlag [3] sem var um 5-30cm þykkt, þykkast í suðurenda skurðar. Undir því lagi var rótað torflag [4] með samskonar torfi og í torfveggnum og lá það nokkurn veginn jafnt í skurðinum. Vera kann að sléttað hafi verið úr garðinum frekar eftir að hann var fallinn. Neðst í því lagi var svo grá gjóska, Hekla 1300 lá óhreyfð yfir öðrum jarðlögum í skurðinum en varð slitróttari í norðurenda þar sem torfveggurinn var þykkastur. Beint undir H1300 var slétt lag af mold [5] sem í var dálítið af brenndum beinum og flekkjum af H1104. Þetta moldarlag lá yfir hrúni úr torfveggnum. Torfveggurinn [6] lá nyrst í skurðinum um 80cm á breidd og 45cm á hæð. Undir honum var 30cm djúpur niðurgroftur [9] sem í var þétt torf með H1104 og H3 og með einfaldri steinaröð neðst. Torflagið líktist því einna helst að það hafi verið sett niður til að slétta undir torfvegginn. Torfveggurinn sjálfur var úr rauðleitu mýrartorfi sem í voru þykkar linsur af H1104. Veggurinn hefur hrúnið inn eða til norðurs. Uppi við norður brún hrúnsins er blandað lag með móösku kolum og rótuðu torfi.

Túlkun: Torfveggur er reistur eftir 1104 en er fallinn áður en að gjóskan frá 1300 féll. Vera kann að rótaða lagið sem lá undir 1300 hafi verið til að slétta úr svæðinu innan garðs. Svo virðist sem að garðurinn liggi í hring umhverfis svæði sem er um 17m í þvermál. Lögun garðs og stærð gæti bent til kirkjugarðs en engin ummerki grafa fundust í skurðinum.



Mynd 11. Horft yfir leifar fornbylis sem vera kann svokölluð Ytri-Heljará. Á vinstri hönd er gamall farvegur Heljarár sem fjarlægt hefur stóran hluta túngarðs og annarra minja. Í baksýn eru Heljarekkur og Heljardalur.

Ytri-Heljará í Kolbeinsdal

Í Ferðabók Ólavíusar¹⁶ frá 18. öld er nefnt býlið Ytri-Heljará og segir þar að það hafi tekið af í vatnságangi. Staðsetning bæjarins hefur verið óþekkt en við rannsóknir í tengslum við ritun Byggðasögunnar voru skoðaðar seltóftir í landi jarðarinnar Bjarnastaða, á bökkum Heljarár. Við frekari vettvangsrannsókn sumarið 2008 komu í ljós, auk augljósra seltófta, leifar eldri minja. Tóftirnar liggja á nyrðri hluta árkeilu en Heljará hefur greinilega runnið áður í farvegi norðan árkeilunnar en liggur nú í farvegi langtum utar. Áin hefur tekið af hluta eldri tóftanna og var hægt að hreinsa upp snið í árbakkann til að rannsaka minjarnar frekar.

Snið í tóft (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Undir grasrót [1] kom fram rótað mannvistarlag [2] sem í var að finna torfflygsur og slitrur af H1104 og gráleitri gjósku, líklega H1300. Neðan þess austanvert í sniðinu er H1300 á sínum stað. Undir því var 2cm óhreft fokmoldarlag [4] sem liggur þar yfir rótuðu lagi með torfflygsum og koladreif [5]. Það lag lá ofan á torfvegg [6]. Í torfinu í veggnum mátti greina flygsur af ljósri gjósku, líklega Heklu 1104 en einnig var þar að finna slitrur úr grænlitu lagi,

¹⁶ Ólafur Olavíus (1965). *Ferðabók. Landshagir í norðvestur-, norður, og norðaustursýslum Íslands 1775-1777.* Bindi. Reykjavík, I bindi bls. 317. Reykjavík 1965.

líklega hluta svokallaðrar landnámssyrpu sem féll um 870. Torfveggurinn virtist liggja ofan á óhreyfðu.

Við vegg tóftarinnar var að finna töluvert af brenndum beinum og kolum sem bendir til að þarna hafi verið um mannabústað fremur en útihús einhversskonar að ræða. Þegar tekin voru kjarnasýni í aðrar tóftir á svæðinu komu fram vísbendingar að þær tóftanna sem



greinilegastar eru á yfirborði eru allar frá því eftir 1300 þó svo sumar kunni að vera að stofni til eldri.

Túlkun sniðs:

Við rannsóknir á sniðinu kom í ljós torfveggur í byggingu sem hefur verið hrúnn eða aflögð fyrir 1300 þar sem var um 2-5cm þykkur óhreyfður jarðvegur milli torfveggjarins og gjóskunnar. Einhverntímann eftir að 1300 gjóskan féll hefur svo verið endurbyggt á tóftinni en þá hafa veggir verið að miklu leyti úr grjóti á meðan eldri veggurinn hefur verið eingöngu úr torfi. Túngarðsbrot, um 20m langt fannst um 50m ofan, norðaustan, tóftarinnar sem grafið var í en annars hefur túngarðurinn verið horfinn að mestu. Svo virðist sem að stór hluti garðsins hafi horfið við skriðu eða framburð úr ánni. Ætla má að stór hluti tófta og túngarðs hafi horfið við rof af völdum árinna og kann að vera að það hafi gerst um það leyti sem bærinn var aflagður.


Torf úr vegg íveruhúss sem líklega hefur verið komið úr notkun snemma á 13. öld. Gráleit gjóska frá 1300 liggur yfir fokjarðvegi sem hefur sem bendir til að byggingin hafi verið komin úr notkun nokkru áður en gjóskan féll.

Í bökkunum árfarvegarins var að finna frekari merki um mannvist svo sem koladreif og annarskonar merki um mannvist. Á einum stað var að finna kolaleifar undir gjóskulaginu frá 1104 sem getur bent til að býlið hafi verið í byggð fyrir þann tíma. Tóftin sem rannsökuð var var þó frá því eftir 1104.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K1: N586384,046 A499622,499

Kjarni 1 var tekinn í gólf mögulegrar seltóftar sem líklega er frá yngsta byggingaskeiðinu á staðnum. Grástrót var 10cm þykk. Neðan hennar var 5cm rótað lag og neðan þess torfveggur sem í var að finna H1300. Torflagið var um 25cm þykkt. Neðan þess var 13cm þykkt rótað lag með koladreif en neðan þess þunnt svart gólfslag um 1-2cm á þykkt með viðarösku og kolum.



K2: N586434,497 A 499671,663 m

Kjarni 2 var tekinn í hringlaga tóft, líklega rétt. Grasrót var 6cm þykk en neðan hennar um 4cm þykkt óhreyft fokmoldarlag. Neðan þess var svo 32cm þykkt torflag með H1300 en neðan þess á 42cm dýpi var komið niður á óhreyft.

Túlkun kjarna: Vísbendingar eru um að byggð hafi verið hafin á staðnum fyrir 1104. Hinsvegar var ekki hægt að sjá þess merki í veggjatorfti byggingarinnar sem skoðuð var nánar að þar væri um fleira en eitt byggingaskeið að ræða. Byggingin hefur líklega verið mannabústaður og hefur hún verið reist eftir að 1104 gjóskan féll en er farin úr notkun einhverntímann fyrir 1300. Nokkru eftir að sú gjóska féll hefur verið hlaðin önnur bygging ofan á torfvegginn og virðist hún vera samtíma öðrum seltóftum á staðnum. Greinilegt er að stór hluti bæjarstæðisins hefur horfið vegna rofs frá ánni þegar hún hefur runnið í vestari

farvegi sínum. Rannsóknin benti til að þarna hafi til forna verið býli sem líklega hefur farið í eyði vegna ágangs árinna en síðar hafi þar verið byggt sel.

Grjótgerði í Víðinesi



Mynd 12. Horft til austurs yfir túngarð og tóftir á svokölluðu Grjótgerði í landi Víðiness í Hjaltadal.

Skoðaðar voru tóftir svokallaðs Grjótgerðis í landi Víðiness, Hjaltadal. Um var að ræða hringlaga tún- eða vallargarð en innan hans var ein tóft. Tóftin lá 15m vestan við túngarðsvegginn. Efri hlutinn er yngri tóft sem kann að vera af beitarhúsi en undir henni var nokkur upphækkun sem bendir til eldri bygginga. Teknir voru borkjarnar í túngarð og vegg og gólf tóftar.

Borkjarnar jarðlagalýsing:

K1: N583169,498 A 494264,461


Kjarni var tekinn í suður langvegg vestasta hólfs tóftar innan túngarðs. Undir grasrót er 10cm þykk óhreyfð fokmold. Neðan þess var um 20cm þykk torflag sem í mátti greina 1104 og þunnar linsur af dökkri gjósku.

K2: N583168,427 A 494262,318

Kjarni tekinn í suður langvegg vestasta hólfs tóftar innan túngarðs þess hluta sem virtist elstur. Um 8cm undir grasrót á 18cm dýpi kom fram torfveggur um 17cm þykkur. Í torfinu var að finna H1104 og þunnar linsur af mjög dökkri gjósku. Flekkir af grárrí gjósku voru á 15cm dýpi sem mögulega getur verið H1300 óhreyft en ekki var hægt að fullyrða það.

K3: N583171,188 A 494263,119

Kjarni 3 var tekinn í gólf vestasta hluta tóftar. Á 10cm dýpi, neðst í grasrót var þunnt svart gjóskulag, H1766. Á 15cm dýpi voru óljós merki dökkar gjósku, e.t.v. H1300. Engin merki fundust um gólflag.



K4: N583170,563 A 494260,998

Kjarninn var tekinn í dyr á suðvesturenda tóftarinnar. Neðst í grasrót á 10cm dýpi var þunn svört gjóska, H1766. Á 15cm dýpi var mjög óljós gjóskudreif, e.t.v. H1300. Á 17cm dýpi kom fram rótað torflag með H1104. Á 30cm dýpi var komið niður á óhreyft.

K5: N583196,885 A494280,232

Kjarni tekinn í norðanverðan túngarð. Neðst í grasrót á 10cm dýpi var þunn svört gjóska, H1766. Á 15cm dýpi kom fram torfveggur. Torfið var 40cm á hæð, gulleit enda mikið af H3 í því. Einnig þynnri linsur af dökkri gjósku en engin merki um 1104.

K6: N583153,314 A 494287,469

Kjarninn var tekinn í túngarð sunnanverðan. Um 5cm undir grasrót á 15cm dýpi kom fram torfveggur. Veggurinn var 32cm á þykkt og í honum voru þykkar linsur af H3 en einnig slitrur af Landnámslaginu. Á 43cm dýpi kom fram þunnt ljóst gjóskulag og undir því 8cm þykkt lag af rótuðu torfi. Lagið virtist óhreyft en þó er ekki hægt að fullyrða það.

K7: N583150,210 A 494284,851

Kjarni var tekinn í sunnanverðan túngarðsvegg. Á 15cm dýpi kom fram torfveggur allt upp í 30cm hár með þykkum linsum af H3 og einnig dökkri gjósku. Veggurinn lá beint ofan á óhreyfðu sem er á 43cm dýpi.


K8: N583179,508 A 494274,558 m

Kjarni tekinn í suður langvegg tóftar austanvert þar sem virðist vera yngsta byggingarskeið á staðnum. Um 2cm undir grasrót á 12cm dýpi lá 1766 og 3cm óhreyft fokmoldarlag undir

henni. Neðan þess kom svo torfveggur. Veggurinn var 30cm þykkur og í torfinu var að finna grænleita gjósku en engin merki um 1104. Komið var niður á óhreyft á 48cm dýpi.

Túlkun kjarna: Á Grjótgerði er að finna a.m.k. tvö byggingaskeið. Það fyrra er tengt túngarðinum og eldri byggingaleifum á tóftahólnum austast í gerðinu. Engin merki voru um H1104 í túngarðinum en linsur af því var hinsvegar að finna í tóftarvegg. Það kann því að vera að minjarnar séu að hluta til frá því fyrir 1104. Óljósar vísbendingar voru um H1300 en hafi það verið í óhreyft í þeim kjörnum sem það fannst kann að vera að tóftir og túngarður séu komin úr notkun fyrir þann tíma. Austasti hluta tófta á hólnum virðist eitthvað yngri en þó hefur sú tóft verið komin úr notkun fyrir 1766. Engin merki fundust um mannbústað.

Geitnakofahóll í landi Neðra-Áss, Hjaltadal



Mynd 13. Loftmynd sem sýnir minjar og túngarð á svokölluðum Geitnakofahóli. Ljósma.: Hjalti Pálsson.

Geitnakofahóll er vestur af Flekkuhvammi, suðvestur frá stíflu í Kolbeinsá, um 100 m austur frá vegi. Túngarður er greinilegur að austan, norðaustan og að sunnan. Á vesturhlið verður hann vart greindur með vissu. Ljóst er að óvenjustórt land hefur verið innan túngarðs, eitthvað á annan hektara að stærð. Landið er allt komið í lyngþúfur og hrís nema tveir hólar þar sem finna má tóftaminjar. Á ytri hólnum eru megintóftirnar en þær eru ókennilegar, veggjaskil óljós og ytri hluti þeirra sem sléttur flötur ca 4x7 m. Syðri hlutinn geymir óljósar veggjaleifar í hallandi landi sunnan í hólnum og heildarlengd tóftasvæðisins er um 14,5 m. Nokkrum metrum sunnar er smáhóll með lítilli tóft, um 4x6 m. Þriðja hússtæðið er á hærri smáhól um 30-40 m sunnar. Virkar sem sléttur lautarbolli ofan í lítinn hólkoll. Fleiri hústóftir verða ekki staðfestar en þó eru líkindi til tófta í þýfinu austur frá megintóftum á stöðunni. Hæð yfir sjávarmáli er um 90 m.

Skurður var tekinn í túngarðinn vestanverðan og borkjarnar voru teknir í þrjár tóftanna innan svæðis.

Skurður í túngarðsvegg (sjá teikningu aftast í skýrslu)

Skurðurinn var tekinn í túngarðinn á stað þar sem að afhólf eða rétt hefur verið hlaðin upp við hann austanverðan. Í skurðinum kom fram torfveggur [3] sem í voru leifar H3 gjóskunnar og vísbendingar um lítilsháttar koladreif. Óhreyfð fokmold [2] er 1-5cm ofan veggjar sem bendir til að hann hafi verið fallinn nokkru áður en sú gjóska féll. Veggurinn hefur fallið til vesturs en í vesturenda skurðar voru ummerki um rótað torf [4] sem líklega tilheyrir réttarveggnum. Engin merki um mannvist var að finna ofan við 1104 gjóskuna.

Túlkun: Túngarður, líklega utan um fornþýli, er reistur snemma e.t.v. þegar á 10 öld en hann er fallinn á 11. Öld.

Borkjarnar jarðvegslýsing:

K1: 588255,955 A487316,416

Kjarninn var tekinn í tóftavegg smæstu þriggja tófta innan túngarðs. Á 20cm dýpi var komið niður á torfvegg sem í var að finna H1104. Hann náði niður á 50cm dýpi þar sem kom fram steinn.

K2: N588212,845 A487315,107

Kjarninn var tekinn í gólf smæstu tóftarinnar. Engin merki um gólflag en rótað torf á 15-25cm dýpi.

K3: N588212,845 A487348,637

Kjarni tekinn í vegg tóftar sunnan „bæjarhóls“. Torf með 1104 á 20-45cm dýpi, síðan óhreyft.

K4: N588271,196 A487308,139

Kjarni tekinn í tóftina á upphækkun sem líklegust er til að vera bæjarhóll en þar var komið beint niður á stein.

K5: N588264,229 A487306,833

Tekinn vestanvert í meintan bæjarhól. Á 15cm dýpi kom fram óljós koladreif og vottur af brenndum beinum en ekkert gólflag eða torf var í kjarnanum.

Túlkun: Þarna hefur líklega verið býli á 10-11 öld en síðar, eftir að það hefur verið aflagt eru reist einhverskonar útihús á staðnum. Engin merki fundust um gólf í íveruhúsi en vísbending var um kol og brennd bein sem benda til mannvistar. Ekki fékkst staðfest að í hólnum sem stærsta tóftin stendur á sé bæjarhóll.

Tóft og garðlag í Þúfnahvammi, Neðra Ási



Mynd 14. Yngri stökkjartóft sem liggur ofan á eldri minjum í svokölluðum Þúfnahvammi við Kolbeinsá í landi Neðra-Áss. Ljós.: Hjalti Pálsson.

Tóft og garðlag liggja í svokölluðum Þúfnahvammi vestan Kolbeinsár í landi Neðra-áss, neðan þjóðvegjar. Á yfirborði er greinanleg tvískipt tóft, líklega stökkjartóft. Garðlag liggur í boga til norðurs frá tóftinni og endar þar í þýfismóa. Engar fleiri tóftir eru greinanlegar innan svæðis en nokkur upphækkun er undir stökkjartóftinni auk þess sem eldri veggjalög er að finna suður undan henni. Engar heimildir eru til um þessar tóftir og var könnunarskurður tekinn í garðvegginn auk þess sem borkjarnar voru teknir í vegg og gólf tóftarinnar.

Skurður í garðvegg

Könnunarskurður um 70cm langur og 40cm breiður var tekinn í garðvegginn. Engin gjóska fannst í jarðvegi yfir garðinum en mögulega mátti greina tvö byggingaskeið í torfinu. Í neðra hluta garðs er torf sem í er H3 gjóska en efst í garði er einnig að finna torf með H1104. Garðurinn var um 60cm langur og allt að 40cm á hæð.

Túlkun skurðar:

Vísbendingar eru um að garðlagið kunni að vera mjög gamalt, jafnvel frá því fyrir 1104 en þó fékkst það ekki staðfest. Enga gjósku var að finna yfir garðinum sem gætu gefið efri aldursmörk.

Borkjarnar, jarðlagalýsing:

K1: N589364,021 A485392,723

Kjarni var tekinn í gólf tóftarinnar. Undir grasrót var rótað lag með torfflygsum en engri greinanlegri gjósku. Á um 50cm dýpi kom fram um 5cm þykkt kolalag, líkt og úr eldstæði. Neðan þess var komið niður á stein.

K2. N589363,482 A485396,855

Tekinn í vegg „stekkjartóftarinnar“. Undir grasrót var rauðleitt mýrartorf niður á 25cm dýpi en þar var komið niður á stein.

K3. N589375,158 A485383,382

Kjarninn var tekinn í óljósa eldri veggjalög sunnan stekkjartóftarinnar. Rótað torf niður á 25cm dýpi en þar var komið niður á stein.

Túlkun kjarna:

Ekki var hægt að greina aldur minjanna þar sem engin gjóskulög fundust yfir þeim eða í torfi. Þó varð ljós að undir stekkjartóftinni liggur eldri tóft sem virðist hafa verið mannbústaður þótt ekki er víst hvort hefur verið til lengri eða skemmri tíma.

Niðurstöður

Við byggðasögurannsóknirnar 2008-2009 voru teknir könnunarskurðir og/eða borkjarnar á 18 stöðum.

Á sex staðanna komu fram vísbendingar um byggð fyrir 1000.

- Á *Markúsarhóli* í landi eru umfangsmiklar minjar og er þar vísast um fornt bæjarstæði að ræða. Þar voru vísbendingar um mannvistarleifar frá 10-11 öld. Einnig voru vísbendingar um byggð frá því eftir 1300. Byggð virðist þó hafa verið aflögð þar löngu fyrir 1766.
- Í landi *Svaðastaða* eru óljósar mannvistarleifar sem við frekari rannsóknir reyndust a.m.k. að hluta einhverskonar íveruhús. Þarna er mögulega um að ræða fornbylíð *Fossabrekkur* en ekki var hægt að greina túngarð eða aðrar tóftir í nágrenninu. Glögg merki eru um mannabústað frá því fyrir 1104. Greinileg byggð er þar einnig á milli 1104 og 1300 en engin merki byggðar eftir þann tíma.
- Mjög óglöggar tóftir liggja á merkjum Kýrhólts og Bakka í Viðvíkursveit og virtist þar um mjög fornar minjar að ræða. Í borkjörnum komu fram að þarna hafa menn hafst við en óvíst er hvort að það hefur verið um lengri tíma.
- Glögg merki fornbylís voru á yfirborði á *Geitnakofahóli* í landi Neðra-Áss, Hjaltadal en þar voru ummerki túngarðs og tófta innan hans sem eru komin í eyði fyrir 1100. Vísbendingar voru um mannvist í ætluðum bæjarhóli en ofan á honum og öðrum tóftum innan garðs liggja seinni tíma minjar, beitarhús eða önnur skepnuhús.
- Tóft við svokallaða Garðhúsaskriðu í Hólahaga (hér nefnd *Garðhús*) hefur verið aflögð fyrir 1104 og er þar greinilega um að ræða húbýli manna þó svo að túngarð vanti enda hafa margar skriður fallið á svæðinu auk þess sem tóftin er á gömlum bakka árfarvegar Hjaltadalsár og kunna minjar að vera horfnar í ána.
- Á *Hólakoti* í landi Viðvíkur voru umfangsmiklar minjar, túngarður, skálatóft og mögulegar réttartóftir. Hluti þessara minja hefur verið aflagðar fyrir 1104. Augljóst er að þarna hefur verið nokkuð umleikis á þeim tíma en á 14. öld er þarna orðið kotbýli.

Sjö staðanna virðast hafa verið í byggð eða notkun fyrir 1300.

- Á svokölluðu *Grjótgerði* í landi Víðinessí Hjaltadal voru eldri leifar garðs og tóftar en ofan á tóftinni er yngri tóft, líklega af beitarhúsum. Garður og eldri tóftarleifar kunna að vera að hluta frá því fyrir 1104 og óglögg merki eru um að byggingar hafi verið komnar úr notkun fyrir 1300. Þó er ekki hægt að fullyrða það. Yngri tóftin er komin úr notkun fyrir 1766. Engin merki eru um að þarna hafi verið mannabústaður og vera kann að staðurinn hafi haft eitthvert sérhæft hlutverk annað.
- *Garðlag og tóft* í Þúfnahvammi við Kolbeinsá í landi Neðra-Áss kann að hafa verið frá því um og fyrir 1100 en ekki fundust óyggjandi sannanir fyrir því.
- Umfangsmiklar túngarða- og tóftaleifar er að finna í *Kýrholti* í Viðvíkursveit. Þar eru óljós ummerki um mögulega byggð fyrir 1104 en annars virðist þorri minjanna vera frá því eftir 1300. Umfang og útlit minja bendir til að um fornbylí sé að ræða en ekki fundust óyggjandi ummerki um mannvist innan garðs. Þess ber að geta að töluverð jarðvegseyðing og rof hefur verið á melnum þar sem minjarnar liggja og því kunna ýmis ummerki að hafa farið forgörðum.
- Á fornbylínu *Grjótá* í Blönduhlíð eru óljós ummerki um byggð fyrir 1104 en mestu ummerki um byggð eru milli 1104 og 1300. Þó eru einnig vísbendingar um byggð

eftir 1300 en býlið hefur verið farið í eyði löngu fyrir 1766. Þar er svæðið allt sundurgrafið af vatni og erfitt að gera sér grein fyrir minjum á yfirborði.

- Vera kann að byggð hafi verið hafin á *Algerðastöðum* í Svaðastaðalandi fyrir 1300 en það var allt mjög óljóst. Umfang og útlit minja á staðnum benda til fornbylis en það hefur verið aflagt löngu fyrir 1766.
- Á *Bjarnastöðum* í Kolbeinsdal komu fram vísbendingar um byggð frá því fyrir 1300.
- Á *Ytri-Heljará* í Kolbeinsdal komu fram óljósar leifar um byggð fyrir 1104 en býlið virðist farið úr notkun fyrir 1300, líklega vegna ágangs árinna. Ofan á fornbylinu hefur síðan verið sett niður sel eftir 1300.

Á fimm stöðum eru einungis vísbendingar um byggð eftir 1300.

- Á *Herpisgerði* í Hólahaga eru leifar beitarhúsa og tún- eða vallargarðs eða túngarða. Beitarhúsin eru mjög greinileg en túngarðurinn orðinn jarðsokknari og hlaupinn í þúfur. Tóft sem virðist tilheyra beitarhúsunum liggur eilítið sunnan þeirra en eldri tóftir virðast áfastar túngarðinum austan til. Upphækkun undir og umhverfis beitarhúsatóftirnar kunna að benda til eldri bygginga sem kunna að hafa tilheyrt garðlögunum. Eldri minjarnar, túngarður og eldri tóftir eru frá því eftir 1300 en komin úr notkun fyrir 1766. Yngri beitarhúsatóftin er frá því eftir 1766. Engin merki fundust um mannvist innan garðs og vera kann að þarna hafi farið fram einhverskonar sérhæfð starfsemi á vegum Hólastaðar en þó er ekki loka fyrir það skotið að þarna kunni forðum að hafa verið býli.
- Tvær *fornar réttir* í Hólahaga voru skoðaðar og virðast þær báðar frá því eftir 1300. Önnur réttin virðist þó sýnu eldri. Báðar eru réttirnar aflagðar nokkru fyrir 1766.
- Á *Hagakoti* í Hólahaga var skoðað með borkjarna bæjarhús sem reist hafa verið eftir 1300 en eru komin í eyði nokkru fyrir 1766. Útihús hafa verið byggð á svæðinu á síðari tímum og fáar minjar aðrar sem minna á býlið nema grjóthlaðið túngarðsbrot.
- Á svokölluðu *Gljúfurárgerði* í landi Hofstaðaselsí Viðvíkursveit voru einungis vísbendingar um byggð eftir 1300 en býlið hefur verið farið í eyði nokkru fyrir 1766.
- Skoðaðar voru minjar sem taldar voru geta verið leifar fornbylisins *Slappandsstaða* í landi Svaðastað. Minjarnar reyndust vera af rétt og stekk eða mögulega tveimur stekkjum. Vera kann að þær hafi tilheyrt því býli en engin ummerki fundust um mannvist. Báðar tóftirnar voru byggðar eftir 1300 en aflagðar fyrir 1766.

Allir staðirnir voru rannsakaðir með leyfi landeigenda og Fornleifaverndar ríkisins. Gengið var frá skurðum og borholum að lokinni rannsókn eins vel og hægt var og þannig að sem minnst óprýði yrði að. Smærri könnunarskurðir og borkjarnar gefa ágæta mynd af aldri og gerð minja en þó ekki á sama hátt og fyllri fornleifarannsókn kynni að gera. Margir staðanna eru mjög áhugaverður efniviður til frekari fornleifarannsóknar og leggur rannsókn eins og þessi frekari grunn að vali á stöðum til framtíðarrannsókna. Landeigendum kunnum við sérstakar þakkir fyrir góðfúsleg leyfi til rannsókna.

Heimildaskrá:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi. Kaupmannahöfn 1930.

Ferðabók Ólafs Ólavíusar. II. bindi. Reykjavík 1965.

Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415. Kaupmannahöfn, 1896. (DI III)

Íslenzkt fornbréfasafn V. 1330-1476. Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902. (DI V)

Óprentaðar heimildir:

Dómabók Skagafjarðar. 25. maí 1742.

Örnefnaskrá Hofstaðasels. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Kýrholts, Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.


Örnefnaskrá Svaðastaða, Margreir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Svaðastaða, Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Viðvíkur. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Viðvíkur. Sverrir Björnsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Hólakot í Viðvíkursveit
Skurður 1 - austursnið í tóftarvegg
19.08.08
Teikn.: GZ



Grasrót



Torfveggur sem í er Landnáms
gjóskan (um 871) og slitrur af
ljósu þunni gjóskulagi




Fokmold



Rótaður jarðvegur þar sem sléttað
hefur verið undir vegginn. Í honum
voru stórir flekkir af H3 gjóskunni

Túngarður á Hólakoti
Skurður 2 - austursnið í túngarðsvegg
18.08.08
Teikn.: GZ



Grasrót



Mjög niðurbrotið torf
með dökkum gjósku-
linsum



Fokmold



Rótaður jarðvegur með
torfflekkjum og koladreif




Torfveggur með H3 gjósku

Fossbrekka (?)

Austurnið í norðanverðan bæjarhól

02.09.2009

Teikn: GSS, GZ



1. Grasnót



4. Fokmold með
H1104 dreif




2. Rauðleitt torf með
H1104 og svartri gjósku



5. Rótað torf með
H1104



3. Fokmold með örlítilli
koladreif neðst




6. Lagskipt torf með
þunnum línsum af
grænni gjósku (Vj1000?)

Kýrholt í Viðvíkursveit

Suðursnið í norðanverðan túngarð

14.08.2009


Teikn: GZ, BÞ



Skálatóft við Garðhúsaskriðu
Skurður 1 - sniðteikning í skálavegg

28.08.2008

Teikn.: GZ



Grasrót



Torfveggur sem í er forsöguleg Heklugjóska (H3) og slitrur af Landnámslaginu



Óhreyft



Dökkur hreyfður jarðvegur, líkega til að slétta undir vegginn



Rótað torf úr veggnum, etv. hrun



Gólfslag, dökkt feitt lag með brenndum beinum, kolum og grárri ösku




Rótað jarðlag með torfflygsum og koladreif




Steinn

Herpisgerði í Hólahaga
Vestursnið í túngarð - skurður 1
30.06.2009
Teikn: BP, GZ.



Herpisgerði, Hólahaga
Vestusnið í tóftarvegg - skurður 2

30.06.2009
Teikn.: GZ, BÞ



1. Grasrót



3. Torfveggur
með H1300



2. Fokmold




4. Hrun úr torfvegg

Bjarnastaðir í Kolbeinsdal

Sniðteikning í vestanvert garðlag

31.09.2009

Teikn: GZ, GSS



1. Grasrót



2. Fokmoldarlag með kolaleifum



3. Fokmold



4. Rótað torflag



5. Fokmold sem í er dreif af brenndum beinum



6. Torfveggur úr rauðleitu mýrar-torfi með þykkum linsum af 1104 og þynnri linsum af dökkri gjósku



7. Hrun úr torfveggnum



8. Móaska blönduð torfi og kolum




9. Mjög þjappað torf með H3 og H1104



10. Steinar

Ytri - Heljará
Sniðteikning í tóftarvegg
29.09.2008



1. Grasrót



4. Fokmold



2. Rótað lag með torfflygsum, koladreif og slitrum af 1104 og 1300 gjósku



5. Rótað lag með torf flygsum og koladreif




3. Hekla - 1300



6. Torfveggur sem í er torf með slitrum úr Landnámslaginu (c. 872) og gjósku úr Hekldu 1104

Geitakofahóll í landi Neðra-Áss
Skurður í túngarð 29.06.2009
Teikn: BÞ, GZ



- | | | | |
|---|-----------------------------|---|--|
|  | 1. Grasrót |  | 4. Rótað torf með h3 e.t.v. hrun úr réttarvegg |
|  | 2. Óhreyfð fokmold |  | 5. Óhreyft |
|  | 3. Torf með H3 og koladreif | | |